

**Rannsókn á högum og árangri þeirra einstaklinga sem
skráð voru í atvinnutengt nám skólaárin 2011-2013.**



Sædís Ósk Harðardóttir

Unnið fyrir
Reykjavíkurborg 2014

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Töfluskrá.....	3
Ágrip	4
1 Inngangur	5
2 Um atvinnutengt nám	6
2.1 Hugmyndin að atvinnutengdu námi.....	6
2.2 Vinnustaðirnir	6
2.3 Viðmið í atvinnutengdu námi	7
2.4 Skólarnir.....	7
3 Aðferðafræði.....	9
3.1 Réttmæti.....	10
3.2 Siðferðileg atriði	11
3.3 Undirbúningur, gagnaöflun og framkvæmd.....	11
4 Niðurstöður	11
4.1 Gagnsemi atvinnutengda námsins	12
4.2 Tíminn sem nýttur er í námið og kröfurnar sem gerðar eru.	13
4.3 Mæting, líðan og námsárangur.	14
4.4 Félagsleg staða	16
4.5 Atvinnan.	16
4.6 Hvað má betur fara og hvað eru þátttakendur að gera í dag?.....	17
4.7 Ummæli þátttakenda um atvinnutengt nám	20
4.8 Samantekt á niðurstöðum.....	20
5 Umræða	22
6 Heimildaskrá	23
Fylgiskjal 1.	24
Fylgiskjal 2.	26

Töfluskrá

Tafla 1. Þátttökuskólar og fjöldi nemenda skólaárið 2011-2012	8
Tafla 2. Fjöldi nemenda í atvinnutengdu námi sl. sex skólaár.....	9
Tafla 3. Hversu vel eða illa finnst þér atvinnutengda námið hafa gagnast þér?	12
Tafla 4. Finnst þér tíminn sem ætlaður er í atvinnutengt nám vera of lítill, hæfilegur eða of mikill	13
Tafla 5. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir sækja um atvinnutengt úrræði ef þú værir enn í grunnskóla?	14
Tafla 6. Breyting á mætingu?	14
Tafla 7. Auðveldara eða ekki auðveldara að mæta í skólann?	15
Tafla 8. Breyttist námsárangur við að fara í atvinnutengt nám?	15
Tafla 9. Breyttist líðan eftir að atvinnutengda námið byrjaði?	15
Tafla 10. Hvernig var félagsleg staða þín í skólanum?	16
Tafla 11. Fékkstu þá atvinnu sem þú vildir?	17
Tafla 12. Varstu út tímabilið sem þú fékkst úthlutað?	17
Tafla 13. Hvað ertu að gera í dag?.....	18
Tafla 14. Hvað eru vinir þínir að gera?	19
Tafla 15. Störf sem þátttakendur ætla sér að starfa við.	19
Tafla 16. Hvernig er líðan þín í dag?	20

Ágrip

Viðfangsefni þessarar rannsóknar var að skoða hvernig þeim unglingum sem voru í atvinnutengdu námi í grunnskólum Reykjavíkur á skólaárunum 2011-2012 og 2012-2013 hefur vegnað eftir að skólagöngu þeirra lauk.

Rannsóknin er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og skóla- og frístundarsviði Reykjavíkurborgar og er unnin fyrir þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Rannsóknin var unnin sumarið 2014. Úrtakið voru allir þeir nemendur er voru í atvinnutengdu námu ofangreind skólaár eða alls 109 einstaklingar. Svarhlutfall var 78% eða alls 84 nemendur, 65 strákar og 19 stelpur. Meginniðurstöður rannsóknarinnar sýna að atvinnutengt nám sem úrræði í grunnskólum hefur jákvæð áhrif á þá nemendur sem taka þátt í verkefninu. Þátttakendur telja úrræðið hafa gagnast sér vel og telja sig hafa lært mikið af því að taka þátt í því. Flestir hafa haldið áfram í námi eða eru að vinna eftir að hafa klárað grunnskóla og stór hópur af þeim sem eru að vinna stefna á að fara í frekara nám. Margir hafa hug á því að læra það starf sem þeir unnu við í atvinnutengda náminu.

1 Inngangur

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts sótti um styrk til Nýsköpunarsjóðs námsmanna vorið 2014 til þess að geta unnið að rannsókn á högum og árangri þeirra einstaklinga sem skráðir voru í atvinnutengt nám í grunnskólum Reykjavíkur á skólaárunum 2011-2012 og 2012-2013. Slík rannsókn hefur ekki verið gerð áður á þessu verkefni Reykjavíkurborgar.

Markmið rannsóknarinnar er að nýta niðurstöðurnar til þess að veita nemendum aukinn stuðning í grunnskóla og skoða hvernig atvinnutengt nám hafði áhrif á nemendur sem skráðir voru í 9. og 10. bekk á fyrrgreindum skólaárum. Markmiðið var ennfreður að fá vitneskju um hvort þeim hafi gengið betur að mæta í skólann á meðan þetta úrræði stóð yfir, hvort námsárangur þeirra hafi batnað á sama tíma og hvort þessum nemendum hafi liðið betur í skólanum þegar þeir nutu stuðnings af úrræðinu. Auk þess að fá upplýsingar um það hvort líðan þeirra hafi batnað þegar þau skiptu um vettvang og fóru út á vinnumarkaðinn. Fá þeirra sýn á það hvernig úrræðið nýttist þeim og hvað þeim fannst gott við það og hvað mætti betur fara. Að lokum var ætlunin að fá upplýsingar um hvað þau tóku sér fyrir hendur að loknu grunnskólanámi og hvað þau eru að fást við í dag. Niðurstöðurnar munu síðan verða nýttar hjá þjónustumiðstöðinni til að þróa þessa leið enn frekar.

2 Um atvinnutengt nám

Hér verður fjallað um hugmyndafræðina á bak við atvinnutengt nám í grunnskólum Reykjavíkur og hvernig þetta verkefni hefur byggst upp.

2.1 Hugmyndin að atvinnutengdu námi

Atvinnutengdu námi er ætlað að mæta þörfum nemenda á unglingastigi í grunnskólum Reykjavíkur sem einhverra hluta vegna líður ekki vel í skólanum sínum. Margar ástæður geta legið þar að baki eins og námsleiði, námsörðugleikar eða erfiðar félagslegar aðstæður sem geta haft áhrif á skólagöngu og námsárangur. Verkefninu er ætlað að stuðla að vellíðan nemendanna og gefa þeim tækifæri til þess að sýna hvað í þeim býr fyrir utan skólafötunna. Það eflir sjálfstraust og áhuga til frekara náms þar sem sérstök stundatafla er útbúin fyrir hvern og einn nemanda með tilliti til atvinnuþátttökunnar. Reynt er að koma á móts við þarfir nemenda og óskir þegar vinnustaður er valinn.

Aðalmarkmið atvinnutengds náms eru að bæta líðan nemenda, gefa þeim tækifæri til að vinna með styrkleika sína og bæta eigin sjálfsmynd.

2.2 Vinnustaðirnir

Þegar vinnustaður er valinn er áhugasvið nemandans haft að leiðarljósi. Óski nemandi eftir því að vinna í ákveðnu umhverfi, svo sem mötuneyti eða með börnum er reynt að koma til móts við hann eins og kostur er. Lagt er til grundvallar að nemandinn eigi auðvelt með að sækja vinnu; hann þarf helst að geta komið sér sjálfur á vinnustaðinn. Því miður er ekki alltaf hægt að verða við óskum hvers og eins og geta verið margar ástæður fyrir því. Margir vinnustaðir taka þátt í verkefninu ár eftir ár. Þau fyrirtæki sem tóku þátt í atvinnutengdu námi skólaárið 2011-2013 voru 75 talsins. Störf nemendanna eru fjölbreytt og má þar nefna störf hjá leikskólum borgarinnar, í mötuneytum hjá stofnunum og veitingahúsum, tölvuverkstæðum, Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, á bifreiðaverkstæðum, í verslunum, í skólunum sínum og einn nemandi fór til sjós.

Eftir að tekið var upp á þeirri nýbreytni að gefa nemendum kost á að stunda atvinnutengt nám innan skólans síns fyrir um 3-4 árum hafa skólarnir nýtt sér það. Þá eru nemendur að

aðstoða á bókasafni, aðstoða húsvörð, heimilisfræðikennarann, íþróttakennara og vinna í mótuneytum skólanna meðal annars og jafnvel inni í almennri bekkjakennslu.

Almenn ánægja hefur verið innan skólanna og meðal nemenda með þetta fyrirkomulag. Þarna myndast tækifæri til að leyfa nemendum að spreyta sig í vinnu innan skólans og hægt að fylgja nemandanum betur eftir en ella.

2.3 Viðmið í atvinnutengdu námi


Nemendur í atvinnutengdu námi vinna að jafnaði 1-4 daga á viku samhliða skólagöngu. Sumir nemendur mæta aðeins í vinnu þann dag sem þeir eiga að mæta í vinnu og sleppa skóla á meðan aðrir byrja daginn í skólanum sínum og fara svo til vinnu. Það er alfarið skólanna að skipuleggja vinnutíma nemenda í samstarfi við vinnustaðina. Þannig er hver og einn nemandi með sérsniðna stundatöflu. Nemendur í 9. og 10. bekk mega vinna allt að sextán klukkustundir á mánuði eða fjórar klukkustundir á viku. Skólaárið 2011-2012 fengu nemendur í 10. bekk 486 krónur á tímann og skólaárið 2012-2013 hækkuðu launin í 510 krónur á tímann, nemendur í 9. bekk fengu 356 krónur á tímann skólaárið 2011-2012 en varð næsta skólaárið 384 krónur á tímann. Nemendur í atvinnutengdu námi njóta ekki veikindaréttinda en eru tryggðir launþega- og ábyrgðartryggingu eins og annað starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Nemendur sem hafa tekið þátt í atvinnutengdu námi gefst kostur á að vinna sumarstarf innan þess vinnustaðar sem þeir hafa unnið í með skólanum þ.e. ef áhugi er fyrir hendi innan vinnustaðarins og hjá nemandanum sjálfum. Nemandinn fer þá á launaskrá hjá Vinnuskóla Reykjavíkur. Í stað þess að vinna hefðbundna sumarvinnu innan Vinnuskólans vinna þau áfram á vinnustaðnum á sömu kjörum og aðrir sumarstarfsmenn Vinnuskólans en geta hagrætt vinnutíma sínum í samstarfi við vinnustaðinn.

2.4 Skólarnir

Tuttugu og sex skólar tóku þátt í verkefninu 2011-2013, en í Reykjavík eru 36 grunnskólar. Einn tengiliður frá hverjum skóla ásamt tengilið á vinnustað og verkefnastjóra mynduðu teymi um hvern nemenda. Tengiliður í skóla er ýmist námsráðgjafi, sérkennari, skólastjórnandi, deildarstjóri unglingadeildar eða sérkennslu eftir því sem við á í hverju tilfelli fyrir sig.


Tafla 1. Þátttökuskólar og fjöldi nemenda skólaárið 2011-2012



Í heildina voru 89 nemendur skráðir í atvinnutengt nám frá upphafi skólaársins 2011- 2012 og þar af uppfylltu 85 nemendur þau skilyrði að ná starfsfærnimati sem þýðir að þeir hafa mætt í vinnu oftari en 5 skipti yfir skólaárið. Sumir nemendurnir voru í vinnu allt skólaárið á meðan aðrir hófu störf síðar og/eða hættu fyrr. Ýmsar ástæður eru fyrir því af hverju nemendur hætta í atvinnutengdu námi, nokkrir vildu leggja meiri áherslu á námið sitt, einhverjir voru ekki sáttir og höfðu ekki áhuga á að taka þátt í verkefninu, enn aðrir flosnuðu upp úr skóla og þurftu að leita annarra úrræða.

Greitt er fyrir allar unnar stundir og unnu nemendur í 10.bekk 7348 vinnustundir sem eru 1372 stundum fleiri en skólaárið á undan. Nemendur í 9.bekk unnu 3572 vinnustundir sem er 570 stundum fleiri en síðastliðið skólaár og nemendur í 8. bekk unnu alls 597 vinnustundir yfir allt skólaárið.

Tafla 2. Fjöldi nemenda í atvinnutengdu námi sl. sex skólaár



3 Aðferðafræði

Valið var að nota blandaða aðferð þar sem bæði meginlegar og eigindlegar aðferðir voru nýttar við öflun gagna, greiningu, túlkun og skráningu niðurstaðna. Bent hefur verið á kosti þess að nota bæði

eigindlegar og meginlegar aðferðir en saman geta þær varpað skýrara ljósi á það sem verið er að rannsaka, gefið fjölbreyttari og trúverðugri niðurstöður og verið líklegri til að hafa áhrif (McMillan, 2008). Notað var svokallað útskýrandi snið (e. explanatory design) þar sem meginlegum gögnum var safnað fyrst, síðan eigindlegum. Fyrst var spurningakönnun (fylgiskjal 1) notuð til að fá yfirlit yfir stöðu þátttakenda í dag, líðan þeirra og viðhorf þeirra til atvinnutengds náms og þeirra sýn á atvinnutengda námið.

Í fyrri hluta rannsóknarinnar var notuð meginleg rannsóknaraðferð, spurningakönnun var lögð fyrir þátttakendur rannsóknarinnar. Spurningakannanir hafa þann styrk að þær safna fjölbreyttum gögnum á skömmum tíma (Þorlákur Karlsson, 2003). Einn tilgangur spurningakannana er að draga ályktanir af niðurstöðum út frá svörum úrtaksins og yfirfæra þær niðurstöður á þýðið (McMillan, 2008). Með því að leggja fyrir spurningakönnun er auk þess hægt að ná til margra þátttakenda á stuttum tíma og er talið að því stærra sem úrtakið er því nákvæmara sé það. Talið er að kannanir séu réttmætar í þeim skilningi að sterk tengsl

séu á milli þess sem fólk segist gera og þess sem það síðan gerir (Þorlákur Karlsson, 2003). Í þessari rannsókn var allt þýðið í úrtakinu.

Í seinni hluta rannsóknarinnar var eigindleg aðferðafræði notuð. En eigindleg aðferðafræði er sú aðferðafræði sem er oftast notuð til að skoða veruleika sem lítur að persónulegri upplifun og reynslu einstaklinga, það er að segja að skilja mannleg fyrirbæri, samskipti manna og upplifun þeirra á ýmsum atburðum (Lichtman, 2009).

Í eigindlegri aðferðafræði felst það að setja sig inn í umhverfi og hugarheim þeirra sem rannsóknin beinist að og þá er reynt að skilja þeirra upplifun á starfi sínu og umhverfi. Eigindleg aðferðafræði auðveldar einnig leit að einstaklingsbundnu mynstri og mæla má ýmskonar hugtök eins og ánægju, sjálfsmynd, bjartsýni o.fl. sem erfitt væri að mæla með tölfraði (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Samkvæmt Silverman (2013) þá einbeita eigindlegar rannsóknir sér að því að skilja þá merkingu sem fólk leggur í líf sitt og aðstæður. Í þessari rannsókn voru tekin hálfopin viðtöl (e. semi-structured/guided interview) við viðmælendur en Helga Jónsdóttir (2003) segir að mikil fjölbreytni einkenni viðtöl sem aðferð við gagnasöfnun og að þau geti ýmist verið stöðluð eða óstöðluð. Þá er viðtalsrammi hafður til hliðsjónar, til þess að fá svör við ákveðnum þemum og spurningum frá öllum viðmælendum, en hægt er að breyta spurningum eftir því sem þörf krefur og er þetta snið mikið notað í menntunarfræðum (Lichtman, 2009).

3.1 Réttmæti

Þegar rannsókn sem þessi er unnin er mikilvægt að gögnin séu góð. Til að meta hvort þau séu góð þarf að hafa tvö hugtök í huga þ.e *réttmæti og áreiðanleika*. Þessi hugtök eru nokkurskonar mælikvarði á gæði rannsóknarinnar (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Sigríður Halldórsdóttir (2013) segir að réttmæti (e. validity) sé mælikvarði á sannleika eða nákvæmni fullyrðingar. Hún segir einnig að það sé mikilvægt að rannsakendur geri sér grein fyrir mikilvægi réttmætis í rannsóknum, það er að segja að réttmæti og trúverðugleiki sé eitt af því mikilvægasta sem þeir þurfa að hafa í huga við framkvæmd rannsóknarinnar. Kvale (2007) talar um að réttmæti í rannsóknum segi til um hvort rannsóknin sýni það sem henni er ætlað og áreiðanleikinn vísi til þess samræmis sem er í rannsóknarniðurstöðum.

Þegar hugað er að réttmæti rannsóknarinnar er mikilvægt að hafa í huga að eitt af því sem getur ógnað réttmæti rannsóknarinnar er ef rannsakandi er of tengdur rannsóknarefni sínu.

Sigurlína Davíðsdóttir (2003) segir að eigindlegir rannsakendur telji að ekki sé hægt að tryggja hlutleysi því rannsakandinn komi alltaf inn með fyrirframgefnar hugmyndir og það verði að taka með í reikninginn frá upphafi þegar hugað er að réttmæti rannsóknarinnar. Í þessari rannsókn mun rannsakandi gæta þess að láta ekki eigin skoðanir og viðhorf koma fram í niðurstöðum og túlkun gagna. Rannsakandi er með engum hætti tengdur grunnskólum Reykjavíkur og starfar til að mynda í öðru sveitarfélagi.

3.2 Siðferðileg atriði

Við framkvæmd rannsóknarinnar var farið eftir þeim reglum sem gilda í fræðilegum rannsóknum. Ekki verða nein nöfn gefin upp né þátttakendur tengdir við ákveðna skóla. Þátttakan var engum skilyrðum háð og var valfrjáls. Þátttakendur voru upplýstir bæði bréflaga og munnlega um hver væri tilgangur rannsóknarinnar og á hvern hátt yrði unnið með gögn. Öllum gögnum var eytt eftir að unnið hafði verið úr þeim.

3.3 Undirbúningur, gagnaöflun og framkvæmd

Undirbúningur fyrir rannsóknina hófst í júní 2014 með því að rannsakandi kynnti sér greinagerðir um atvinnutengt nám, sendi bréf til foreldra og forráðamanna þeirra ungmenna sem voru undir 18 ára aldri. Þá var sent kynningarbréf til þeirra sem voru orðnir 18 ára þegar rannsóknin fór fram. Persónuverndinni var sent bréf þar sem verkefnið var kynnt og leyfis aflað.

Upplýsingar um 109 einstaklinga sem höfðu verið í atvinnutengdu námi voru nýttar til að ná sambandi við þá. Allir þeir sem höfðu verið í atvinnutengdu námi þessi skólaár voru í úrtakinu og var haft sambandi við þá alla. Framkvæmdin fór fram eftir að foreldrar og einstaklingarnir sjálfir höfðu verið upplýstir um rannsóknina. Hringt var í viðmælendur og lagður fyrir þá spurningalisti sem þeir svöruðu í gegnum síma. Rannsakandi skráði niðurstöður jafnóðum.

4 Niðurstöður


Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Svarhlutfall var 77,06 % eða 84 nemendur af 109. Í fimm tilfellum vildu foreldrar ekki að börnin tækju þátt í rannsókninni, ellefu nemendur vildu ekki taka þátt og ekki náðist í níu nemendur. Mjög erfitt

var að ná í marga af þessum þátttakendum. Þátttakendur í úrtakinu voru fædd á árunum 1995, 1996 og 1997 og var hlutfall á milli kynja þannig að 77% svarenda voru strákar en 23% svarenda voru stelpur.

4.1 Gagnsemi atvinnutengda námsins

Þegar þátttakendur voru spurðir út í atvinnutengda námið sögðu tæp 95% að það hefði gagnast sér mjög vel eða vel en 5% sögðu það hefði ekki gangast sér vel eða höfðu ekki skoðun á því.

Tafla 3. Hversu vel eða illa innst þér atvinnutengda námið hafa gagnast þér?



Þegar spurt var nánar út í það hvernig atvinnutengda námið hafi gagnast þeim vel komu margvísleg svör fram. Flestir töluðu um að þetta hafi verið góð reynsla sem muni gagnast þeim vel í framtíðinni. Nokkrir töluðu um að þau hefðu lært mikið af þessu og þetta hefði hjálpað þeim að finna út hvað þau vildu gera í framtíðinni. Einn nemandi talaði til dæmis um að það væri flott að komast úr skólanum: „...það var rosa fínt að vera í þessu, maður þurfti ekki að mæta í skólann og fékk að gera eitthvað sem manni fannst skemmtilegt.“ Annar sagði: „...þetta var rosa nice sko, gagnaðist mér bara vel sko, fínt að fá pening, það hjálpaði líka ef mér vantaði eitthvað eins og til dæmis nesti.“ Stór hluti þátttakenda talaði um að reynslan við að fara að vinna væri mjög góð og góður undirbúningur og þeir hefðu lært að vinna og voru ánægð með að kynnast nýju fólki. Stór hópur talaði um að það hefði verið gott að létta á skólanum: „... Þetta létti á skólanum og lét mig líða betur þar sem námið var erfitt.“ Fleiri tóku í sama streng og töluðu um að það að þurfa ekki að mæta í skólann alla daga hefði verið léttir: „... gott að fá að vinna og þurfa ekki að vera í skóla, sleppti tveimur dögum í skóla sem var gott og lét mig líða betur.“ Einn þátttakandi talaði um að þetta hafi komið sér mjög vel: „...vá þetta bjargaði mér alveg, það var of mikið að vera bara í


skólanum, það var of mikið fyrir mig, ég var ekki að meika það, það að komast svona út og vinna, læra að vinna var snilld.“

Þegar þátttakendur voru spurðir út í það hvort og þá hvernig atvinnutengda námið hefði getað gagnast þeim betur taldi rúm 80% það hafi bara verið gott og ekkert geta gagnast betur. Nokkrir töluðu um að það hefði mátt vera meiri tími ætlaður í verkefnið og fjórir töluðu um að atvinnumöguleikarnir hefðu mátt vera fleiri og fjölbreyttari. Einn viðmælandi talaði um að hann hafi verið þunglyndur á þessum tíma og hefði því getað mætt betur sem hefði þá hjálpað honum frekar.

4.2 Tíminn sem nýttur er í námið og kröfurnar sem gerðar eru

Þegar þátttakendur voru spurðir út í tímann sem nýttur var í atvinnutengda námið voru rúm 39% svarenda á því að tíminn væri of lítill, þau hefðu viljað eyða meiri tíma í atvinnutengt nám á meðan tæp 57% svarenda taldi tímann hæfilegan. 3,8 % svarenda töluðu um að ætlaður hefði verið of mikill tími í þetta verkefni.

Tafla 4. Finnst þér tíminn sem ætlaður er í atvinnutengt nám vera of lítill, hæfilegur eða of mikill




Þegar þátttakendur voru spurðir út í það hvort þeir hefðu viljað fara fyrr í atvinnutengt nám þá sögðu rúm 73% svarenda já en tæp 19% sögðu nei. Nokkrir eða um 6% vissu það ekki og einn svarandi sagðist hafa farið í þetta úrræði í 8. bekk.

Almennt voru þátttakendur sammála um að kröfurnar sem gerðar voru á þau í atvinnutengda náminu hafi verið hæfilegar eða um 96% svarenda, tæp 4% voru á því að kröfurnar hafi verið of miklar.

Þegar þátttakendurnir voru spurðir um hversu líklegt eða ólíklegt það væri að þau myndu sækja um þetta úrræði ef þau væru enn þá í grunnskóla töldu um 86% svarenda það mjög

eða frekar líklegt, 10% voru ekki viss eða höfðu ekki skoðun á því en tæp 4% töldu það mjög eða frekar ólíklegt.


Tafla 5. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir sækja um atvinnutengt úrræði ef þú værir enn í grunnskóla?



4.3 Mæting, líðan og námsárangur


Þegar þátttakendur voru spurðir út í mætingu í skólann eftir að þátttaka þeirra í atvinnutengda náminu hófst sögðust tæp 39% hafa farið að mæta betur en rúm 57% sögðu þátttökuna ekki hafa haft áhrif á mætingu hjá þeim. 1,28% þátttakenda sagðist hafa farið að mæta verr.

Tafla 6. Breyting á mætingu?




Þegar þátttakendur voru hins vegar spurðir hvort þeim hafi þótt auðveldara eða ekki auðveldara að mæta í skólann eftir að úrræði hófst töldu um 52% það mun eða frekar auðveldara á meðan 1,3% töldu það ekki auðveldara. Um það bil 42% þátttakenda fann ekki mun á því.

Tafla 7. Auðveldara eða ekki auðveldara að mæta í skólann?



Þegar námsárangur er skoðaður í tengslum við atvinnutengt nám kemur í ljós um 63% þátttakenda töldu hann hvorki hafa batnað né versnað, 35% þátttakenda töldu hann hafa breyst mjög mikið eða frekar mikið til hins betra en einn nemandi taldi námsárangur hafa orðið slakari eftir að hafa byrjaði í úrræðinu.

Tafla 8. Breyttist námsárangur við að fara í atvinnutengt nám?



Þegar spurt er um líðan í skólanum eftir að atvinnutengda námið byrjaði þá segjast um 72% hafa liðið mun eða frekar betur og rúm 25% hvorki né. Þegar líðan er skoðuð frekar í tengslum við atvinnutengt nám þá töldu rúm 65% þátttakenda að líðan þeirra hafi breyst til hins betra eftir að úrræði hófst en rúm 33% töldu hana ekki hafa breyst neitt og rúm 1% taldi hana hafa breyst til hins verra.

Tafla 9. Breyttist líðan eftir að atvinnutengda námið byrjaði?



Þegar þátttakendur voru spurðir um stuðning frá starfsfólki skólans sögðu rúm 76% hafa upplifað mjög mikinn eða frekar mikinn stuðning frá skólanum en um það bil 14% upplifið lítinn eða mjög lítinn stuðning frá starfsfólki skólans.

4.4 Félagsleg staða

Þegar félagsleg staða þátttakenda er skoðuð, þ.e. staða þeirra í skólanum, þá segja tæp 50% svarenda sína félagslegu stöðu hafa verið mjög sterka eða frekar sterka, 15% segja hana hafa verið sterka. 21% þátttakenda segja hana hvorki hafa verið sterka eða veika. 18% segja félagslega stöðu sína hafa verið veika eða mjög veika.

Þegar þátttakendur eru spurðir um það hvort félagsleg staða þeirra hafi breyst eftir að atvinnutengda námið byrjaði þá segja rúm 9% hana hafa breyst til hins betra, tæp 87% töldu hana ekki hafa breyst og 1.23% sögðu hana hafa breyst til hins verra.

Tafla 10. Hvernig var félagsleg staða þín í skólanum?



4.5 Atvinnan


Þegar þátttakendur eru spurðir út í vinnuna þá segjast rúm 70% hafa sótt um ákveðið starf, tæp 26% segjast ekki hafa sótt um ákveðið starf og um 4% vissu það ekki eða sögðust hafa verið alveg sama hvar þeir færu að vinna. Rúm 90% þátttakenda sagðist hafa fengið það starf sem þau vildu, rúm 6 % sögðust ekki hafa fengið það starf sem þau óskuðu eftir og tæp 3% vissu ekki hvort þau hefðu fengið það starf sem þau óskuðu eftir.

Tafla 11. Fékkstu þá atvinnu sem þú vildir?



Þegar mæting þátttakenda í vinnuna í atvinnutengda náminu er skoðuð þá kemur í ljós að rúm 98% töldu sig hafa mætt mjög vel eða vel í sína vinnu og 1.3% taldi sig hafa mætt frekar illa. Þegar þátttakendur voru spurðir út í það hvort þeir hafi verið út tímabilið sem þeir fengu úthlutað sögðu 88% þátttakenda hafa unnið út allt tímabilið sem þau fengu úthlutað, rúm 5% vann hluta af tímanum, 4% svarenda sagðist hafa hætt. Einn þátttakandi var rekinn og einn þátttakandi hélt áfram eftir að tímabilinu lauk.

Tafla 12. Varstu út tímabilið sem þú fékkst úthlutað?



Langflestum þátttakendum rannsóknarinnar eða tæplega 96% fannst skipta máli að það væri greitt fyrir vinnuna í atvinnutengda náminu en 4,11% töldu það ekki skipta máli.

4.6 Hvað má betur fara og hvað eru þátttakendur að gera í dag?

Þegar spurt var að því hvort það væri eitthvað sem mætti breyta eða bæta í atvinnutengdu úrræði töldu 68% svarenda úrræðið vera fínt og að engu þyrfti að breyta. Rúm 20% svarenda töldu að launin væru of lág og það þyrfti að hækka þau, líkt og einn þátttakandi orðaði það: „...allt of lág laun, mætti borga meira.“ Annar sagði: „...breyta laununum, það er að segja að hækka þau sko, allt of lág sko, síðan væri flott að taka mann ekki úr skólanum heldur hafa þetta utan við skóla.“

Nokkrir nemendur nefndu að það mætti kynna þetta fyrir fleiri nemendum, töldu að of fáir vissu af þessu úrræði: „...sko, segja meira frá þessu, þetta er flott úrræði sem fleiri mættu heyra um.“ Annar þátttakandi sagði: „... Koma þessu betur á framfæri við aðra krakka, kynna þetta betur. Þetta er sko klárlega að gera gagn.“ Fleiri tóku undir þetta og einn talaði til að mynda um að hann hefði fengið að vita af þessu úrræði of seint. Einn nemandi talaði um ágæti þess að þetta úrræði væri til staðar: „...það er nefnilega ekki fyrir alla að vera inni í skóla.“ Nokkrir nemendur töluðu um að úrræðið mætti hefjast fyrr en í 9. bekk, aðrir nefndu að það mætti verja meiri tíma í verkefnið yfir vikuna. Hjá einum viðmælenda kom fram að reglurnar yrðu að vera skýrari: „...já þetta er mjög strangt og það þarf að gefa tækifæri, ég var rekinn úr fyrsta starfinu án þess að vita hvað ég gerði. Það þarf að vara okkur við og gefa annað tækifæri. Ég vissi ekki hvað ég hefði gert að mér einu sinni.“ Nokkrir töluðu um að það mætti spyrja þá sem fara í verkefnið hvað þeir vildu gera: „...ég sko fékk bara úthlutað einhverju starfi, var ekkert spurður.“ Síðan kom fram óskir um fjölbreyttara val á vinnustöðum, möguleika á starfi nærri heimili og lengri vinnutíma.

Þegar rætt var við þátttakendur um hvernig staða þeirra væri í dag og hvað þau væru að gera í dag kom í ljós að um það bil 92% svarenda eru ýmist í námi eða skóla og rúm 5% eru ekki að gera neitt og 2,60% eru að leita að vinnu. Þegar þessir sem ekki voru að vinna eða í skóla voru spurðir að því hvernig þeir framfleyttu sér kom fram að tveir þeirra voru á fjárhagsaðstoð og þrír þeirra búa í foreldrahúsum. Fjórir af þeim eru að leita sér að vinnu en einn þeirra er ekki að leita sér að vinnu. Rúm 24% þeirra sem ekki eru í námi stefna á að fara í nám í framtíðinni en rúm 12% ætla sér ekki í skóla.


Tafla 13. Hvað ertu að gera í dag?



Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvernig þeir eyða deginum kom fram að margir töluðu um að þeir væru með vinum sínum, aðrir sögðust eyða deginum í skóla eða vinnu og stór hluti átti erfitt með að svara þessari spurningu og gat ekki gert grein fyrir því í hvað dagurinn færi hjá þeim.

Þegar spurt er út í stöðu vina þá kom fram að rúmlega 17% vina þátttakenda er í vinnu, tæplega 39% vina þátttakenda er í námi og rúmlega 44% vina þátttakenda er bæði í vinnu og námi. Einn viðmælenda svaraði því þannig að hann ætti ekki vini.

Tafla 14. Hvað eru vinir þínir að gera?




Þegar framtíðarplön þátttakenda voru rædd voru rúmlega 53% búin að ákveða hvað þau vildu taka sér fyrir hendur í framtíðinni, en rúmlega 46% voru ekki búin að ákveða það. Margir töluðu um að ætla að læra það starf sem þeir fengu vinnu við í atvinnutengda náminu. Þau störf sem nefnd voru koma fram í töflu

Tafla 15. Störf sem þátttakendur ætla sér að starfa við

Hársnyrtir	2
Bifvélavirkjun	13
Leikskólakennari	4
Húsasmíði	3
Kokkur	6
Þjónn	1
Hestamennska	2
Tölvunarfræði	2
Listnám	1
Leikkona	1
Snyrtifræðingur	1
Íþróttþjálfari	1
Förðunarfræðingur	1
Kvikmyndagerð	1
Efnafræðingur	1
Lögregla	1

Þegar spurt er um líðan þátttakenda kom fram að hjá um það bil 77% var líðan mjög góð eða góð, tæplega 17 % sögðu líðan sína hvorki góða né slæma og hjá 5,6% var líðanin slæm eða mjög slæm.

Tafla 16. Hvernig er líðan þín í dag?



4.7 Ummæli þátttakenda um atvinnutengt nám

Þegar þátttakendur voru beðnir um að segja eitthvað um atvinnutengt nám að lokum, vildu 49% þátttakenda ekki segja neitt, tóku fram að þetta væri mjög flott úrræði. Um það bil 22% svarenda töluðu um mikilvægi þess að hafa svona úrræði, það væri flott að hafa þennan möguleika. Einn þátttakandi sagði að það væri mjög gaman í þessu og hann myndi hvetja krakka til að fara í þetta ættu þeir kost á því. Annar viðmælandi talaði um mikilvægi þess að kynna þetta vel fyrir nemendum:

„... það skiptir máli að krakkarnir fái tækifæri til að fara í svona úrræði, fá að fara aðeins úr skólanum og kynnast því að vinna.“ Fleiri töluðu um mikilvægi þess að kynna þetta betur: *„... kynna þetta betur, mjög næs sko, krakkar með greiningu og svona ættu að fá að vita af þessu.“* Einnig ítrekuðu nokkrir þátttakendur fyrri skoðun sína á því að hækka þyrfti launin í þessu.

4.8 Samantekt á niðurstöðum

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að atvinnutengda námið gagnist nemendum afar vel. Mikill meirihluti þátttakenda telja það hafa gagnast sér vel. Tæplega 39% þátttakenda fór að mæta betur í skólann og rúm 50% þátttakenda fannst auðveldara að mæta í skólann eftir að úrræðið hófst. Líðan þátttakenda breyttist til hins betra og fór þátttakendum að líða betur í skólanum eftir að þau hófu atvinnutengt nám. Mikill meirihluti talaði um að þeir hefðu viljað fara fyrr í þetta úrræði. Stór hluti þátttakenda talaði um að þetta hafi hjálpað þeim til dæmis við að finna út hvað þau vildu gera eftir að skóla lyki, töldu reynsluna við að fá að vinna vera mikilvæga. Meirihluti þátttakenda töldu tímann sem ætlaður er í atvinnutengda námið vera

hæfilegan en stór hluti telur hann samt vera of lítinn og mætti auka við hann, auk þess sem mikill meirihluti þátttakenda telur að borga mætti meira fyrir vinnuna sem þau inna að hendi. Almennt eru þátttakendur sammála því að kröfurnar sem gerðar eru til þeirra í vinnunni séu hæfilegar. Mikill meirihluti svarenda telur það mjög eða freka líklegt að þeir myndu sækja um þetta úrræði væru þeir enn í grunnskóla. Ekki kemur fram breyting á félagslegri stöðu þátttakenda eftir að úrræðið hófst enda töldu tæp 60% þátttakenda félagslega stöðu sína hafa verið sterka fyrir áður en þau fóru í atvinnutengt nám.

Almennt voru þátttakendur ánægðir með það starf sem þeir fengu og yfir 90% þátttakenda fékk það starf sem þeir óskuðu eftir. Tæplega 99% þátttakenda sagðist hafa mætt vel í vinnuna og 88% unnu út tímabilið sem þau fengu úthlutað. Mikill meirihluti þátttakenda fannst það skipta máli að það væri greitt fyrir vinnuna en flest voru þau á sama máli um það að það mætti borga hærri laun fyrir þetta.

Það kom fram í viðtölunum að þátttakendurnir voru almennt ánægð með úrræðið en bentu á að ef ætti að breyta einhverju þá væri það að láta fleiri nemendur vita af úrræðinu með því að kynna þetta markvissara í skólum, launin væru of lág og tíminn sem ætlaður væri í vinnuna væri of stuttur. Einnig kom fram að mikill meirihluti þátttakenda er ýmist í námi eða að vinna eða um 90%. Af þeim sem ekki eru að gera neitt eru flestir að leita sér að vinnu eða stefna á að fara í nám.

Líðan hjá þátttakendum er almennt mjög góð eða góð og hafa þeir flestir mótað ákveðnar hugmyndir fyrir framtíðina.

5 Umræða

Markmiðið með þessari rannsókn var að skoða hagi og árangur þeirra einstaklinga sem voru í atvinnutengdu námi hjá Reykjavíkurborg skólaárin 2011-2012 og 2012-2013. Tilgangur rannsóknarinnar er að nýta þessar niðurstöður til að veita nemendum aukinn stuðning og sjá hvar sé hægt að gera betur og hvað er að nýtast vel. Einnig er tilgangurinn að sjá hvað þessir einstaklingar eru að gera í dag og hvernig þeim hefur reitt af og hvernig þetta úrræði gagnaðist þeim.

Úrtakið í þessari rannsókn voru allir þeir nemendur er voru í atvinnutengdu námi ofantalin skólaár og var svarhlutfallið rúm 77%. Strákar voru 65 og stelpur voru 19. Það er athyglisvert hversu mikill munur er á kynjum í þessu úrræði og veltir maður vöngum hvers vegna það sé.

Það er ljóst að atvinnutengt nám í grunnskólum Reykjavíkur er að skila miklum árangri og nemendur eru almennt ánægðir með þetta úrræði. Eins og kemur fram í niðurstöðum rannsóknarinnar þá telja yfir 95% þátttakenda þetta úrræði hafa gagnast þeim vel og stór hópur þátttakenda segist myndu sækja um slíkt úrræði væru þeir enn í grunnskóla. Mikill meirihluti svarenda talaði um að þeir hefðu viljað fara fyrr í þetta úrræði. Mæting batnaði hjá hluta þátttakenda við þetta úrræði og þeim fannst auðveldara að mæta í skólann eftir að úrræðið hófst. Líðan í skóla varð mun betri hjá stórum meirihluta þátttakenda eftir að þeir hófu þátttöku í atvinnutengdu námi.

Þátttakendur eru svo til einróma sammála mikilvægi þess að greitt sé fyrir þessa vinnu og er stór hópur á því að hækka þurfi launin. Stærsti hluti svarenda fékk vinnu við hæfi og voru ánægðir með sitt starf. Góð mæting var hjá þátttakendum í vinnuna og kláruðu langflestir það tímabil sem samið var um.

Í dag er mikill meirihluti eða tæplega 92% þátttakenda ýmist í skóla eða vinnu. Þeir sem eru að vinna stefna flestir á nám síðar. Það sem kom í ljós í rannsókninni er að margir ætla að velja sér atvinnu eða nám út frá því starfi sem þeir voru í þegar þeir voru í atvinnutengdu námi og ætlar stór hluti drengja sér að fara í bifreiðavirkjun svo dæmi sé tekið. Þeir drengir voru allir á bifreiðarverkstæði þegar þeir voru skráðir í atvinnutengt nám.

Það er því ljóst að atvinnutengt nám sem Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir í grunnskólum Reykjavíkur er að skila árangri og því er mikilvægt að halda þessu verkefni áfram.

Margir þátttakendur töluðu um mikilvægi þess að kynna þennan möguleika fyrir fleirum, þeir töluðu um að það væru margir sem vissu ekki af þessu úrræði og því þyrfti að efla kynningu á

því í öllum skólum. Nemendur sem segjast hafa liðið illa í skóla tala um að þetta úrræði hafa gert mjög mikið fyrir þá og þeir vilja sjá fleiri nemendur sem eiga við sambærileg vandamál að stríða eiga kost á þessum möguleika.

Utanumhald í kringum atvinnutengda námið virðist vera gott og er mikilvægt að skólar geti leitað á einn stað, líkt og á þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, eftir aðstoð og ráðgjöf varðandi það að koma nemendum í slík úrræði.

Atvinnutengt nám er augljóslega úrræði sem skilar miklum árangri og metur skýrsluhöfundur það svo að hlúa verður vel að þessu verkefni, skoða athugasemdir þátttakenda og nýta þær í frekari þróun á verkefninu.

Reykjavík 31. ágúst 2014

Sædís Ósk Harðardóttir

5 Heimildarskrá

Helga Jónsdóttir (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-83). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Kvale, S. (2007). *Doing interviews*. London: Sage.

Lichtman, M. (2009). *Qualitative research in education: a users guide*. Thousand Oaks: Sage Publications

McMillan, J. H. (2008). *Educational research: fundamentals for the consumer* (5. útgáfa). Boston: Pearson Education.

Sigurlína Davíðsdóttir (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219–235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Silverman, D. (2013). *Doing qualitative research*. Thousand Oaks: Sage Publications.

Þorlákur Karlsson (2003). Spurningakannanir: uppbygging, orðalag og hættur. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 331–335). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Fylgiskjal 1.

Reykjavík, 3. júní 2014

Sædís Ósk Harðardóttir 2014

**Rannsókn á högum og árangri þeirra einstaklinga sem voru í atvinnutengdu námi
skólaárin 2011-2012 og 2012-2013.**

Upplýst samþykki

Kæri þátttakandi í atvinnutengdu námi í grunnskólum Reykjavíkur 2011-2013

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts er að vinna að rannsókn á högum og árangri þeirra einstaklinga sem skráðir voru í atvinnutengt nám í grunnskólum Reykjavíkur á skólaárunum 2011-2012 og 2012-2013. Rannsóknin er styrkt af Rannís, Rannsóknarmiðstöð Íslands og mun Sædís Ósk Harðardóttir M.Ed nemi við Menntavísindasvið HÍ framkvæma rannsóknina.

Markmið rannsóknarinnar er að nýta niðurstöðurnar til þess að veita nemendum aukinn stuðning í grunnskóla og skoða hvernig atvinnutengt nám hafði áhrif á nemendur sem skráðir voru í 9. og 10. bekk á fyrrgreindum skólaárum. Við getum vonandi fengið vitneskju um hvort þeim hafi gengið betur að mæta í skólann, hvort námsárangur þeirra hafi batnað og hvort þessum nemendum hafi liðið betur í skólanum þegar þeir nutu stuðnings frá úrræðinu. Okkur langar einnig að vita hvort líðan þeirra hafi batnað þegar þau skiptu um vettvang og fóru út á vinnumarkaðinn. Fá þeirra sýn á það hvernig úrræðið nýttist þeim og hvað þeim fannst gott við það og hvað mætti betur fara. Að lokum viljum við fá upplýsingar um hvað þau tóku sér fyrir hendur að loknu grunnskólanámi og hvað þau eru að fást við í dag. Niðurstöðurnar verða einnig nýttar til að þróa úrræðið enn frekar.

Rannsóknin fer fram í júní 2014 og óska ég eftir þátttöku ykkar barns í henni. Spurningalistar verða lagðir fyrir þátttakendur. Rannsóknin er nafnlaus og verður farið með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Allar persónuupplýsingar verða afmáðar við úrvinnslu og í niðurstöðum rannsóknarinnar. Þátttakendum er frjálst að hætta þátttöku hvenær sem er og eru ekki skyldugir til að svara einstökum spurningum.

Ef þú vilt **ekki** taka þátt í þessari rannsókn, vinsamlegast hafðu samband við undirritaða, að öðru leyti er litið svo á að um samþykki sé að ræða.

Ef þú vilt frekari upplýsingar er þér velkomið að hafa samband við mig á netfangið arna.hronn.aradottir@reykjavik.is eða í síma 411-1200

Með fyrirfram þökk,

Arna Hrönn Aradóttir

Verkefnastjóri yfir atvinnutengdu námi

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Fylgiskjal 2.

Reykjavík, 3. júní 2014

Rannsókn á högum og árangri þeirra einstaklinga sem voru í atvinnutengdu námi skólaárin 2011-2012 og 2012-2013.

Upplýst samþykki

Kæru foreldrar/forráðamenn

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts er að vinna að rannsókn á högum og árangri þeirra einstaklinga sem skráðir voru í atvinnutengt nám í grunnskólum Reykjavíkur á skólaárunum 2011-2012 og 2012-2013. Rannsóknin er styrkt af Rannís, Rannsóknarmiðstöð Íslands og mun Sædís Ósk Harðardóttir M.Ed nemi við Menntavísindasvið HÍ framkvæma rannsóknina.

Markmið rannsóknarinnar er að nýta niðurstöðurnar til þess að veita nemendum aukinn stuðning í grunnskóla og skoða hvernig atvinnutengt nám hafði áhrif á nemendur sem skráðir voru í 9. og 10. bekk á fyrrgreindum skólaárum. Við getum vonandi fengið vitneskju um hvort þeim hafi gengið betur að mæta í skólann, hvort námsárangur þeirra hafi batnað og hvort þessum nemendum hafi liðið betur í skólanum þegar þeir nutu stuðnings frá úrræðinu. Okkur langar einnig að vita hvort líðan þeirra hafi batnað þegar þau skiptu um vettvang og fóru út á vinnumarkaðinn. Fá þeirra sýn á það hvernig úrræðið nýttist þeim og hvað þeim fannst gott við það og hvað mætti betur fara. Að lokum viljum við fá upplýsingar um hvað þau tóku sér fyrir hendur að loknu grunnskólanámi og hvað þau eru að fást við í dag. Niðurstöðurnar verða einnig nýttar til að þróa úrræðið enn frekar.

Rannsóknin fer fram í júní 2014 og óska ég eftir þátttöku ykkar barns í henni. Spurningalistar verða lagðir fyrir þátttakendur. Rannsóknin er nafnlaus og verður farið með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Allar persónuupplýsingar verða afmáðar við úrvinnslu og í niðurstöðum rannsóknarinnar. Þátttakendum er frjálst að hætta þátttöku hvenær sem er og eru ekki skyldugir til að svara einstökum spurningum.

Ef þið viljið **ekki** að barn ykkar taki þátt í þessari rannsókn, vinsamlegast hafið samband við undirritaða, að öðru leyti er litið svo á að um samþykki sé að ræða.

Ef þú vilt frekari upplýsingar er þér velkomið að hafa samband við mig á netfangið arna.hronn.aradottir@reykjavik.is eða í síma 411-1200

Með fyrirfram þökk,

Arna Hrönn Aradóttir

Verkefnastjóri yfir atvinnutengdu námi

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

